

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

XXXVI. árgangur.

1955.

Mánudaginn 10. janúar 1955.

Nr. 90/1954. **Ákærvaldið** (Gunnar E. Benediktsson)
gegn

Nóa Skjaldberg Jónssyni (Ragnar Ólafsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ákæra um ólöglega vörzlu áfengis.

Dómur Hæstaréttar.

Það athugast, að ákærði hefur þann 15. marz 1948 gengið undir að greiða 1000 króna sekt fyrir áfengissölu. Þar sem svo langt er um liðið, þykir atvik þetta ekki fella grun á ákærða um sölu áfengis í það skipti, sem hér er um að tefla. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja allan áfrýjunarkostnað sakarinnar á ríkissjóð, þar með talin málflytningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1000.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflytningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Gunnars E. Benediktssonar og Ragnars Ólafssonar, kr. 1000,00 til hvors.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 9. febrúar 1954.

Ár 1954, þriðjudaginn 9. febrúar, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af fulltrúa sakadómará, Stefáni Guðjohnsen, uppkveðinn dómur í málinu nr. 674/1954: Ákærvaldið gegn Nóa Skjaldberg Jónssyni, sem tekið var til dóms 28. janúar s.l.

Mál þetta er af ákærvaldsins hálfu höfðað gegn ákærða, Nóa Skjaldberg Jónssyni bifreiðarstjóra, Laugavegi 49, hér í bæ, með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dagsettu 4. janúar s.l., fyrir að hafa eigi getað fært nægilega sterkar líkur fyrir því, að hann hafi ekki ætlað til sölu eina óátekna ákavítisflösku, sem í bifreið hans fannst við Hlemmtorg í Reykjavík um klukkan 22.00, föstudaginn 27. nóvember s.l., en brot þetta telst varða við 2. mgr. 1. gr. sbr. 2. gr. laga nr. 47/1951 um breyting á áfengislögum nr. 33/1935.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar svo og að framangreind áfengisflaska verði gerð upptæk samkvæmt 2. gr. laga nr. 47/1951 i.f.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur í Reykjavík 7. janúar 1920. Hann hefur sætt eftirtöldum kærnum og refsingum: 1944 21/9 Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 17. gr. áfengisлага. 1947 19/9 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði. 1948 15/3 Sátt, 1000 kr. sekt fyrir brot á 15. sbr. 33. gr. áfengisлага. 1948 7/9 Áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.

Málavextir eru þessir:

Að kvöldi 27. nóvember s.l. gerðu lögreglumenn allviðtæka leit áfengis í leigubifreiðum hér í bæ. Meðal annars leituðu þeir í bifreiðinni R 1919 og fundu í hólfi í mælaborði hennar eina flösku af ákavíti. Bifreiðin stóð þá fyrir utan afgreiðslu Hreyfils við Hlemmtorg. Ákærði í máli þessu reyndist vera við akstur bifreiðar þessarar þetta kvöld, og boðuðu lögreglumennirnir hann þegar til rannsóknar-lögreglunnar og afhentu þar ákavítisflöskuna.

Ákærði viðurkenndi þegar að eiga umrædda áfengisflösku. Hann kvaðst hafa keypt hana í Áfengisverzlun ríkisins sama dag. Hann kvaðst hafa ætlað flösku þessa til eigin afnota, enda ætlað að fara að skemmta sér, skömmu eftir að leitin var gerð, og hætta leigu-akstri það kvöld.

Ákærði neitaði eindregið að hafa ætlað flösku þessa til sölu. Ástæðuna fyrir því, að flöskuna geymdi hann í bifreiðinni, telur ákærði þá, að sér hafi ekki fundizt taka því að fara með hana heim fyrst, úr því að hann ætlaði að nota hana sama kvöld.

Fyrir dómi hefur ákærði skýrt nákvæmlega á sama hátt frá og heldur þar í öllu fast við frumskýrslu sína og staðfestir hana í öllum greinum. Ákærði krafðist þess fyrir dómi, að honum yrði afhent aftur flaskan, málið fellt niður og sér greidd ómakslaun fyrir að mæta og afla sér réttargæzlu fyrir dómi.

Skipaður verjandi ákærða hefur í skriflegri vörn (dskj. nr. 6) krafizt sýknu til handa ákærða.

Með tilliti til þess, að aðeins ein flaska fannst í bifreið ákærða, að ákærði kveðst hafa ætlað að nota áfengið til eigin afnota sama kvöld, að ákærði hefur ekki (sbr. sakavottorð) verið fundinn sekur um áfengissölu og enginn grunur, svo að vitað sé, liggur sérstaklega á, að ákærði selji áfengi, og að ákærði hefur staðfastlega neitað að ætla flösku þessa til sölu, þá lítur dómariinn svo á, að ákærði hafi, þrátt fyrir viðurkenningu þess að eiga flöskuna, fært nægilega sterkar líkur fram fyrir því að hafa ekki ætlað flöskuna til sölu, og þar með, að ekki sé fengin næg sönnun þess, að ákærði hafi, með því að geyma flöskuna í bifreið sinni, gerzt brotlegur við lög nr. 47/1951 um breytingu á áfengislögunum, þ. e. þau ákvæði, sem greinir í ákæruskjali. Samkvæmt framansögðu þykir bera að sýkna ákærða af ákæru ákæruvaldsins í máli þessu.

Með hliðsjón af framangreindri niðurstöðu ber að afhenda ákærða aftur margnefnda ákavítisflösku. Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns hans, Sigurðar Baldurssonar hdl., kr. 500.00.

Dómariinn lítur svo á, að ekki beri að taka til greina kröfu ákærða um ómakslaun, enda verður að álíta kostnað við réttargæzlu innifalinn í tildæmdum málsvarnarlaunum.

Dómsorð:

Ákærði, Nói Skjaldberg Jónsson, skal sýkn vera af ákæru ákæruvaldsins í máli þessu.

Sakarkostnaður allur, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns ákærða, Sigurðar Baldurssonar hdl., kr. 500.00, greiðist úr ríkissjóði.

Miðvikudaginn 12. janúar 1955.

Nr. 28/1954. **Erlingur h/f** (Gunnar Þorsteinsson)

gegn

Guðjóni Kr. Kristinssyni (Egill Sigurgeirsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Krafizt eftirstöðva af andvirði aflahlutar háseta. Kjarasamningur skýrður.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, og samdómendurnir Lúðvík N. Lúðvíksson og Þorsteinn Jónsson hafa kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.